

AGVA ehf  
Laufásvegi 63  
101 Reykjavík  
Iceland

2000100047  
6400; 9310

Reykjavík, 4. desember 2000  
/ÞFP

**Efni: Matsskylda eldis laxaseiða AGVA Norðurland ehf. við Hauganes í Eyjafirði.  
Ákvörðun um matsskyldu.**

Vísað er til erindis AGVA Norðurland ehf. dags. 12. október 2000 þar sem óskað er eftir ákvörðun Skipulagsstofnunar um hvort fyrirhugað seiða- og unglaxaeldi á landi við Hauganes í Eyjafirði, Dalvíkurbyggð, skuli háð mati á umhverfisáhrifum sbr. 6. gr. laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum og g-lið 1. tl. 2. viðauka sömu laga.

Skipulagsstofnun leitaði álits Dalvíkurbyggðar, Hafrannsóknastofnunarinnar, Hollustuverndar ríkisins, Náttúruverndar ríkisins og veiðimálastjóra. Þá var Veiðifélagi Hörgár, Veiðifélagi Svarfdæla og Veiðifélagi Fnjóskár kynnt að framkvæmdin væri til ákvörðunar um matsskyldu hjá Skipulagsstofnun. Álit bárust frá Dalvíkurbyggð með bréfi dags. 1. nóvember 2000, Hafrannsóknastofnuninni með bréfi dags. 31. október 2000, Hollustuvernd ríkisins með bréfi dags. 6. nóvember 2000, Náttúruvernd ríkisins með bréfi dags. 27. október 2000 og veiðimálastjóra með bréfi dags. 6. nóvember 2000. Svör við álitum bárust frá framkvæmdaraðila með bréfi dags. 21. nóvember 2000.

**Fyrirhuguð framkvæmd samkvæmt framlögðum gögnum framkvæmdaraðila**

Í framlögðum gögnum AGVA Norðurland ehf. kemur fram að ráðgert er að hafa í stöðinni um 2 milljónir seiða, að meðaltali 225 g, sem eru um 450 tonn og 2,5 - 3,5 milljónir smáseiða, að meðalati 5 g, sem eru u.þ.b. 15 tonn. Miðað er við að aldrei verði meiri lífmassi í stöðinni en 465 tonn. Hámarks framleiðsla á ári verði u.þ.b. 2 milljónir unglaxa, að hámarki 400 g að meðaltal og heildarframleiðsla ekki yfir 800 tonn á ári. Gert er ráð fyrir að fá hrogn eða seiði af íslenskum laxastofni af norskum uppruna. Seiðum verði komið fyrir í landstöðinni að vori eða sumri og þau alin í 10-14 mánuði eða að 200-700 g.

Ráðgert er að reisa 8 steinsteypa útítanka sem verði næst sjónum, samtals um 10.000

m<sup>3</sup> og 16 steinsteypt kör undir þaki fjær ströndinni, samtals um 5000 m<sup>3</sup>.

Fóðurnotkun á ári er áætluð að hámarki 720 tonn. Vatnsþörf, heitt og kalt vatn, er áætluð að hámarki 170 l/sek en auk þess verði dælt allt að 170 l/sek úr sjó og gert ráð fyrir allt að 95% endurnýtingu vatnsins. Þá er gert ráð fyrir að lágmarki 75% hreinsun fráveituvatns þannig að losun verði ekki meiri en frá 200 tonna framleiðslu.

Að mati framkvæmdaraðila er engin fyrrsjáanleg losun úrgangs í loft eða í jarðveg. Úrgangslosun í sjó verði lífrænn úrgangur frá eldisfiski og fóðurleifar sem geti haft mengandi áhrif ef dreifing verður ekki nægjanleg. Framkvæmdaraðili fullyrðir að á umræddu svæði flokkist Eyjafjörður undir síður viðkvæman viðtaka samkvæmt skilgreiningu í reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp og miðað sé við að frágangur útrennslis verði samkvæmt kröfum bæði hvað varðar staðsetningu útrásar og frágang til að koma í veg fyrir strok fiska.

### **Álit umsagnaraðila og svör framkvæmdaraðila**

Bæjarstjórn Dalvíkurbyggðar telur í umsögn sinni að framkvæmdin skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum og vitnar til fyrri samþykktu umhverfisráðs og bæjarstjórnar um sama efni og bréf bæjarstjóra til umhverfisráðuneytis dags. 2. ágúst 2000.

Veiðimálastjóri bendir á að þar sem um strandstöð sé að ræða sé ekki hætta á vistfræðilegum eða erfðafræðilegum áhrifum á veiðiár í Eyjafirði og því ekki nauðsynlegt að fram fari mat á umhverfisáhrifum starfseminnar vegna hagsmuna í veiðimálum. Hins vegar sé eðlilegt að framkvæmdaraðili geri grein fyrir hugsanlegum áhrifum starfseminnar á aðra fiskeldisstarfsemi svo sem kræklingarækt og lúðveldi í Eyjafirði.

Hollustuvernd ríkisins telur mestar líkur á að skilgreina megi svæðið sem síður viðkvæmt í samræmi við reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp og er því ekki gerð krafa um að fram fari mat á umhverfisáhrifum fiskeldis á svæðinu. Hins vegar telur stofnunin eðlilegt að fyrirtækið leggi fram gögn sem sýni að staðsetning stöðvarinnar hafi ekki áhrif á aðra sambærilega starfsemi.

Í umsögn Hafrannsóknastofnunarinnar kemur fram að straummælingar bendi til að utarlega í firðinum sé góður straumur með landinu. Aðalstrandstraumurinn liggja inn fjörðinn að vestanverðu og út fjörðinn að austanverðu og það verði því að teljast hverfandi líkur á því að lífrænn úrgangur frá stöðinni komi til með að skaða lífríki í firðinum. Vegna þess að um strandeldi sé að ræða verði að telja hverfandi líkur á að lax sleppi og engar líkur á að laxalús nái að þrífast í eldinu. Mjög litlar líkur séu á að fyrirhugað eldi valdi skaða á villtum nytjastofnum í sjó enda ekki vitað að slíkt hafi gerst annars staðar eins og t.d. í Noregi. Bent er á að strandeldi á lúðu sé stundað á Hjalteyri í um 9 km fjarlægð og á Dalvík í um 11 km fjarlægð, lítilsháttar kvíaeldi á laxi við Svalbarðseyri og í Ystuvík austan megin í firðinum í 16 og 22 km fjarlægð og nýleg tilraun með kræklingaræktun innan við Ystuvík og innan við Dagverðareyri að vestanverðu. Vegna fjarlægðar og þynningaráhrifa verði að teljast litlar líkur á smiti milli fiskeldisstöðva á svæðinu. Lífríki Eyjafjarðar og annarri starfsemi virðist ekki stafa hætta af fyrirhuguðu seiðaeldi á laxi í Hauganesi og því ekki ástæða til að umrædd starfsemi skuli háð mati á umhverfisáhrifum.

Náttúruvernd ríkisins lítur svo á að seiðaeldi á landi þar sem notaður verði íslenskur laxastofn (t.d. frá viðkomandi svæði) og við aðstæður eins og hér um ræðir, þurfi ekki að fara í mat á umhverfisáhrifum sé ströngustu mengunarvörnum fylgt eftir og algjörlega komið í veg fyrir að lifandi fiskur sleppi í önnur vatnakerfi. Stofnunin telur hins vegar að meta eigi umhverfisáhrif þess að nota framandi stofna af laxi í fiskeldi á Íslandi og vísar í rökstuðning í bréfum til Skipulagsstofnunar dags. 21. júlí, 9. ágúst og 25. september sl. Stofnunin bendir á að engar laga- eða reglugerðarheimildir virðist vera fyrir því að hægt sé að nota erlendan laxastofn á Íslandi nema í vísindaskyni og aðeins til tveggja ára í senn. Seiðaeldi við Hauganes sé ekki fyrirhuguð rannsókn. Þar sem ala eigi upp seiði af norskum laxstofni í seiðaeldisstöð á Hauganesi og tilgangurinn sé að flytja seiðin síðar til eldis í sjó í Eyjafirði, beri að meta umhverfisáhrif þess og fyrirhugaðs sjókvíaeldis sameiginlega.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að telja verði að 10 km fjarlægð frá öðru eldi langt yfir fjarlægðarviðmiðun samkvæmt íslenskum reglugerðum. Fyrirhugaðar sjókvíar við Brimnes, í eigu sama aðila, sé vandalaust að staðsetja utan 2 km fjarlægðar frá fyrirhugaðri fráveitu.

Varðandi áhyggjur af áhrifum eldis seiða af norskum uppruna er bent á að þau séu t.d. einnig alin í seiðaeldisstöð Norðurlax á Laxamýri með fráveitu beint í Laxá. Þá er bent á að áformað rekstrarfyrirkomulag geti breyst og að seiðin frá stöðinni verði flutt til framhaldseldis annars staðar á landinu í stað sjókvía í Eyjafirði. Alin verði seiði villtra laxastofna vegna ræktunar og fleiri möguleikar séu fyrir hendi er samræmist kröfum væntanlegra rekstrar- og starfsleyfa. Engin forsenda sé fyrir því að nauðsynlegt sé að reka seiðaeldisstöðina háða hugsanlegum sjókvíum í Eyjafirði og bent á hugsanlegt efnahagslegt samhengi við fyrirhugað eldi fyrirtækisins í sjókvíum í Mjóafirði.

### **Niðurstaða Skipulagsstofnunar**

AGVA ehf. hefur tilkynnt til ákvörðunar um matsskyldu fyrirhugað seiðaeldi á landi við Hauganes í Eyjafirði, Dalvíkurbyggð samkvæmt 6. gr. laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum. Um er að ræða eldi á allt að 800 tonnum af seiðum og unglaxi á ári og fellur framkvæmdin undir lið 1. g. í 2. viðauka við lög um mat á umhverfisáhrifum.

Umsagnir bæjarstjórnar Dalvíkurbyggðar, veiðimálastjóra, Hollustuverndar ríkisins og Hafrannsóknastofnunarinnar eru þess efnis að fyrirhuguð framkvæmd komi ekki til með að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif. Hollustuvernd ríkisins og veiðimálastjóri benda engu að síður á að framkvæmdaraðili geri grein fyrir hugsanlegum áhrifum starfseminnar á aðra fiskeldisstarfsemi í Eyjafirði. Við umfjöllun málsins hefur komið fram að viðtaki teljist síður viðkvæmur skv. skilgreiningu reglugerðar nr. 798/1999, um fráveitur og skólþ. Skipulagsstofnun telur að framkvæmdaraðili hafi gert fullnægjandi grein fyrir því að hverfandi líkur séu á að lífrænn úrgangur frá stöðinni komi til með að skaða lífríki í firðinum þ.á.m. nytjastofna í sjó. Vegna fjarlægðar og þynningaráhrifa verði að teljast litlar líkur á smiti milli fiskeldisstöðva á svæðinu.

Náttúruvernd ríkisins telur að framkvæmdin skuli háð mati á umhverfisáhrifum þar sem nota eigi lax af norskum stofni í seiðaeldi á landi og allt bendi til að sami

framkvæmdaraðili muni nýta seiðin til sjókvíaeldis. Skipulagsstofnun telur að framkvæmdaraðili hafi gert fullnægjandi grein fyrir því að hverfandi líkur séu á að lax sleppi úr seiðaeldinu með hættu á vistfræðilegum eða erfðafræðilegum áhrifum á veiðiár í Eyjafirði. Að mati Skipulagsstofnunar er rekstur stöðvarinnar ekki háður því að heimild fáiist fyrir framhaldseldi laxaseiða af norskum uppruna í sjókvíum á vegum sama framkvæmdaraðila í Eyjafirði og því mun Skipulagsstofnun ekki leggja til við umhverfisráðherra að umhverfisáhrif seiðaframleiðslu og eldis í sjókvíum verði metin sameiginlega skv. 2. mgr. 5. gr. laga nr. 106/2000.

Varðandi skipulagslegar ákvarðanir og skipulagslega málsmeðferð fyrirhugaðs seiðaeldis er í gildi Aðalskipulag Árskógshrepps þar sem umrætt landsvæði er merkt opið og óbyggt og þarf að breyta aðalskipulaginu til samræmis við nýja starfsemi (iðnaðarsvæði). Bygging húsa og annarra mannvirkja ofan jarðar og neðan og aðrar framkvæmdir og aðgerðir sem hafa áhrif á umhverfið og breyta ásýnd þess eru eftir atvikum byggingar- og /eða framkvæmdaleyfisskyldar skv. skipulags- og byggingarlögum og skulu vera í samræmi við skipulagsáætlanir.

Í samræmi við 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum hefur Skipulagsstofnun farið yfir þau gögn sem lögð voru fram af hálfu framkvæmdaraðila um fyrirhugað seiðaeldi á laxi við Hauganes í Eyjafirði, Davíkurbyggð. Á grundvelli gagna framkvæmdaraðila og þeim umsögnum sem Skipulagsstofnun hafa borist við afgreiðslu málsins er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að framkvæmdin skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum vegna eðlis framkvæmdarinnar, staðsetningar hennar og eiginleika hugsanlegra áhrifa framkvæmdarinnar.

Samkvæmt 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til umhverfisráðherra. Kærufrestur er til 8. janúar 2001.

Hólmfríður Sigurðardóttir

Þóroddur F Þóroddsson